



**Samtakahópurinn, fundur haldinn 30.10.2024 kl. 14:00 í**

**Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12**

**Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina**

\*\*\*

### ***Fundargerð***

## **Forvarnardagur fyrir 9. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar, haldinn í**

### **Fjórheimum félagsmiðstöð**

#### Tilkoma og skipulag forvarnardagsins:

Mikil umræða hefur verið að undanfögnu um ungt fólk í samfélaginu. Umræðan hefur að miklu leyti snúist um ofbeldi og vanlíðan ungmenna. Samtakahópurinn, starfsfólk Fjórheima félagsmiðstöðvar og unglingaráð Fjórheima vill taka höndum saman, láta gott af sér leiða og reyna að finna leiðir til að bæta líðan ungmenna í Reykjanesbæ.

Samtakahópurinn tók ákvörðun um halda forvarnardag/ örstöðvadag fyrir öll ungmenni í 9. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Námsráðgjafar grunnskóla Reykjanesbæjar töldu mestu áskoranirnar vera í þeim árgangi en þess vegna varð tiltekinn árgangur fyrir valinu. Rætt var um að ef vel til tækist myndi hópurinn taka það til skoðunar að halda slíkan dag fyrir fleiri árganga.

### **Unglingaráð Fjórheima fékk það verkefni að skipuleggja forvarnardaginn fyrir öll ungmenni í 9. bekk í Reykjanesbæ**

Þeirra tillögur voru:

- Fyrirlestur um ofbeldi og vopnaburð: Krissi lögga
- Fyrirlestur frá barnavernd: starfsmaður frá barnavernd í Reykjanesbæ
- Fyrirlestur um vímuefnaneyslu og afleiðingar: Vímuefnafræðslan VELDU frá Heilsulausnum
- Fyrirlestur um sjálfstyrkingu: starfsfólk Fjórheima

Unglingaráð Fjórheima óskar eftir því að fá að taka virkan þátt í deginum.

Heildarfjöldi ungmenna í 9. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar er 292 ungmenni svo best væri að skipta þeim upp í tvo hópa.



Þá erum við með um 146 nemendur í húsi í senn. Þeim er skipt upp í fjóra hópa sem gefur okkur að um 36 ungmenni eru í hverjum hópi en við teljum það vera góða stærð fyrir fyrirlestra og umræður.

**Dagsetning og staðsetning: fimmtud. 7. nóv. og þriðjud. 12. nóv. í Fjörheimum/ 88 húsinu**

<p><b>FORVARNARDAGUR</b> <b>9. BEKKUR</b></p> <p><b>FIMMTUDAGINN 7.NÓV. 2024</b></p> <p>📍 <u>Í FJÖRHEIMUM, HAFNARGÖTU 88</u></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• ÁSKORANIR SAMFÉLAGSINS - KRISSI LÖGGA</li><li>• VELFERÐ &amp; ÖRYGGI BARNNA - BARNAVERND REYKJANESBÆJAR</li><li>• VÍMUEFNAFRÆÐSLAN VELDU - ANDREA ÝR - HEILSULAUSNIR</li><li>• SJÁLFTYR KING - FJÖRHEIMAR FÉLAGSMIDSTÖÐ</li></ul>  <p><b>FJÖRHEIMAR</b></p>	<p><b>FORVARNARDAGUR</b> <b>9. BEKKUR</b></p> <p><b>FIMMTUDAGINN 7.NÓV. 2024</b></p> <p><b>DAGSKRÁ</b> HEIÐARSKÓLI, HOLTASKÓLI, MYLLUBAKKASKÓLI</p> <p>09:00 – MÆTING Í FJÖRHEIMA</p> <p>09:10 – NEMENDUR SKIPT UPPI Í 4 HÓPA (GULUR, RAUÐUR, GRÆNN OG BLÁR)</p> <p>09:15 – FYRIRLESTRAR #1 UMFERÐ 09:35 – SKIPTING Á RÝMUM</p> <p>09:40 – FYRIRLESTRAR #2 UMFERÐ 10:00 – PÁSA &amp; KRÆSINGAR</p> <p>10:30 – FYRIRLESTRAR #3 UMFERÐ 10:50 – SKIPTING Á RÝMUM</p> <p>10:55 – FYRIRLESTRAR #4 UMFERÐ 11:15 – FYRIRLESTRUM LOKIÐ</p>	<p><b>FORVARNARDAGUR</b> <b>9. BEKKUR</b></p> <p>FYRIRLESTRAR RÝMI</p> <table border="1"><tr><td><b>BÍÓSALUR</b> FJÖRHEIMAR FÉLAGSMIDSTÖÐ</td><td><b>ELDHÚS</b> HEILSULAUSNIR</td></tr><tr><td><b>STÓRI SALUR</b> BARNAVERND</td><td><b>EFSTA HÆÐ</b> LÖGREGLAN</td></tr></table>	<b>BÍÓSALUR</b> FJÖRHEIMAR FÉLAGSMIDSTÖÐ	<b>ELDHÚS</b> HEILSULAUSNIR	<b>STÓRI SALUR</b> BARNAVERND	<b>EFSTA HÆÐ</b> LÖGREGLAN
<b>BÍÓSALUR</b> FJÖRHEIMAR FÉLAGSMIDSTÖÐ	<b>ELDHÚS</b> HEILSULAUSNIR					
<b>STÓRI SALUR</b> BARNAVERND	<b>EFSTA HÆÐ</b> LÖGREGLAN					

Búið er að bóka fyrirlesara og boða alla skóla á forvarnardaginn.

## Foreldrafundur/ Tökum höndum saman

- Gunnhildur Gunnarsdóttir upplýsti hópinn um að búið væri að boða formenn foreldrafélaga grunnskóla Reykjanesbæjar á fund. Til stendur að skipuleggja næsta *Tökum höndum saman* fund á allra næstu vikum.

## Markmið samtakahópsins

- Gunnhildur Gunnarsdóttir stýrði umræðu um markmið samtakahópsins. Hópurinn las yfir: **Markmið, starfssvið, starfsreglur og viðfangsefni** Samtakahópsins og sköpuðust umræður út frá því. Við stöndum frammi fyrir áskorun með slaka mætingu í Samtakahópnum, sem hefur áhrif á þá vinnu sem við getum saman hrint í framkvæmd. Forvarnarstarf Samtakahópsins krefst skuldbindingar og samvinnu, við þurfum alla fulltrúa til að taka þátt til að ná árangri. Með því að mæta á fundi tryggjum við að rödd allra heyrist og að við getum unnið saman að því að byggja upp sterkara samfélag. Saman getum við gert breytingar!  
Það kom upp sú hugmynd að hver og einn fulltrúi væri með varafulltrúa frá sinni



stofnun. Gunnhildur tók að sér það verkefni að heimsækja alla grunnskóla Reykjanesbæjar og taka samtalið um skólastjórnendur um mikilvægi Samtakahópsins og að fá inn varafulltrúa frá hverjum skóla.

## Hópamyndun

- Ólafía Kristín Guðmundsdóttir félagsráðgjafi í barna- og fjölskylduteymi kom inn á Samtakafundinn og stýrði umræðu um hópamyndun ungmenna. Hópurinn hefur áhyggjur af samfélagsmiðlanotkun barna- og ungmenna og velti fyrir sér hvernig væri hægt að ná til foreldra varðandi eftirlit og öryggi á samfélagsmiðlum. Rætt var um hugmyndir af foreldrafundum innan hvers grunnskóla og hvaða tímasetningar hafa hentað best. Hópurinn tók ákvörðun um að funda aftur eftir tvær vikur og útbúa ramma fyrir foreldrafund. Á fundinum vill hópurinn upplýsa foreldra um það hvernig samfélagsmiðlar virka.

## Umræður

- Á fundinum kom upp sú hugmynd að bjóða fulltrúa ungmenna frá hverjum skóla inn á Samtakafund einu sinni á önn. Markmið fundanna væri að kynna starf Samtakahópsins fyrir ungmennum og fá hugmyndir ungmenna inn í verkefni hópsins.
- Á fundinum kom upp sú hugmynd að bjóða formönnum foreldrafélaga grunnskóla Reykjanesbæjar inn á fund Samtakahópsins með það að markmiði að ná betur til foreldra og fá þeirra innsýn inn í verkefni hópsins.
- Umræða um símanotkun á skólatíma. Akureyri og Egilsstaðir hafa tekið upp snjallsímalausa skóla og gengur mjög vel. Það var gerð könnun meðal skólastjórnenda í Reykjanesbæ en niðurstöður sýndu að skólastjórnendur vildu flestir ekki vera með snjallsímalausa grunnskóla. Samtakahópurinn veltir fyrir sér hvort það væri ekki þörf á því að gera könnun meðal umsjónarkennara.

**Fundi slitið kl. 15:00**

**Næstu fundur: miðvikud. 13. nóv. kl.14:00 í Ráðhúsinu**